



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459
Netfang: mylla@myllubakkaskoli.is

Myllan

FRÉTTABRÉF

1. tbl. 27. árgangur apríl 2011

Í þessari Myllu

Stærðfræðikeppni grunnskólanna

Stærðfræðikeppni
grunnskólanna

Spurningakeppni á miðstigi

Stóra upplestrarkeppnin

Skólahreysti

Skólabúðir í Reykjaskóla

New York ferð kennara

Heimsókn 9. bekkinga í FS

Hátíðarkvöldverður

Innritun í framhaldsskóla

Stelpukvöld

Páskabingó

Páskafri

Árshátíð



Úrslit í Stærðfræðikeppni grunnskólanna í 8. - 10. bekk voru tilkynnt þriðjudaginn 29. mars. Sex nemendur úr Myllubakkaskóla voru á lista yfir 10 efstu í sínum árgangi. Í 8. bekk var Sigurður Galdur í 1. sæti, Rannveig Ósk í 2. sæti, Helena Rós í 4. - 5. sæti og Stefán Ingi í 7. - 10. sæti. Í 9. bekk var Margrét Dagmar í 2. sæti og í 10. bekk var Rán Ísold í 7. - 10. sæti. Þetta er mjög góður árangur og óskum við þeim til hamingju.

Spurningakeppni á miðstigi



Þriðjudaginn 29. mars var í fyrsta sinn haldin spurningakeppni milli bekkja á miðstigi. Dregið var um hvaða bekkir ættust við í fyrstu umferð. Í fyrstu keppninni vann 6. SI lið 7. ÍH eftir bráðabana og var því komið í úrslit. Í næstu keppni sigraði lið 7. JJ lið 5. ME í jöfnum og spennandi leik. Úrslitaleikurinn var jafn og skiptust liðin á að hafa forystu. Það fór þó svo að 7.JJ vann keppnina. Í liði sigurvegaranna voru Gabríel Ágúst, Aron Daniel og Sandra. Þessi fyrsta keppni tókst mjög vel og verður vonandi árlegur viðburður hér eftir.

Stóra upplestrarkeppnin

Fimmtudaginn 3. mars var lokahátið Stóru upplestrarkeppninnar í Duus húsum. Andri Snær Sölvason og Erna Lína Baldvinsdóttir voru fulltrúar skólans og stóðu þau sig mjög vel.



Skólahreysti



Myllubakkaskóli tók þátt í skólahreysti fimmtudaginn 3. mars. Skólahreysti er liðakeppni og sendi hver skóli eitt lið til keppni. Keppt er í 10 riðlum og 15 lið kepptu í sama riðli og okkar krakkar. Fulltrúar skólans voru Kornel Aleksander og keppti hann í upphífungum og dúfum, Jóhanna Júlía Júlíusdóttir keppti í armbeygjum og hreystigreip og svo hlupu Guðjón Smári Nielsen og Anna Sígga í hraðaprautinni. Þeim gekk ágætlega og setti Jóhanna Júlía Íslandsmet í armbeygjum þegar hún gerði 98 armbeygjur en skömmu seinna var metið slegið af Dóru Söldísi úr Lækjarskóla sem gerði 100 armbeygjur.




Skólabúðir í Reykjaskóla

Sjöundi bekkur fór í skólabúðir vikuna 14. - 18. febrúar. Nemendur tóku þátt í hinum ýmsu stöðvum sem voru í umsjón Reykjaskóla. Stöðvar sem voru í boði voru náttúrufraði, byggðasafnið, undraheimur auranna, íþróttir/sund og stöðvaleikur. Kvöldvökur sem haldnar voru í íþróttahúsinu vöktu mikla kátínu og voru okkar krakkar með nokkur góð atriði. Birna Björg og Maciej sáu um að kynna dagskrána eitt kvöldið. Það er gaman að segja frá því að Maciej tók þátt í borðtenniskeppni síðasta daginn og vann :) Dikótekið síðasta kvöldið stóð þó uppúr hjá flestum því þar kynntust þau nemendum úr Lækjarskóla enn betur en hópur úr Lækjarskóla var með okkur í skólabúðunum.



New York ferð kennara



Hópur kennara og starfsfólks fór til New York, 8.-13. mars. Tilgangurinn var að skoða skóla sem vinna samkvæmt PBS-agakerfinu. Hópurinn heimsótti skólaskrifstofu á Manhattan, ríkisrekna skóla og einkaskóla svo segja má að við höfum séð töluvert af litrófi skólastarfs. Skólarnir eru komnir lengra í að innleiða PBS en við. Margt er líkt með okkar starfi og þeirra en einnig sáum við ýmislegt áhugavert sem við getum nýtt okkur. Ferðin var mjög vel heppnuð bæði gagnleg og skemmtileg.

Heimsókn 9. bekkinga í FS

Mánudaginn 21.mars fór 9.bekkur skólans í heimsókn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þar fengu nemendur að sjá húsnæðið og fengu stutta kynningu á starfseminni. Heimsóknin tókst vel og voru nemendur bæði sjálfum sér og skólanum til sóma. Á næsta skólaári mun námsráðgjafi FS hitta þessa sömu nemendur hér í skólanum og kynna starfið enn frekar. Auk þess mun námsráðgjafi Myllubakkaskóla ræða við hvern og einn nemanda að lágmarki einu sinni á næsta skólaári og meira ef þurfa þykir.

Hátíðarkvöldverður

Foreldrar 10. bekkinga buðu nemendum og starfsfólki skólans til kvöldverðar í skólanum 23. mars síðastliðinn. Foreldrar dekrðu við gesti sína. Eftir ljúfengan mat og uppákomur héldu nemendur inn í Stapa á sameiginlega árshátíð efstu bekkja grunnskólanna í bænum. Sýnt var skemmtiatriði og að því loknu var dansað undir dunandi tónlist. Myndir frá kvöldverðinum má sjá á heimasíðu skólans.



Stelpukvöld

Innritun í framhaldsskóla

Nú er nýlokið forskráningu 10.bekkinga í framhaldsskóla. Upplýsingarnar sem þar fást nýta framhaldsskólarnir til að undirbúa næsta starfsár en umsóknir nemenda verða ekki sendar út í skólana fyrr en eftir 9. júní. Fram að þeim tíma hafa nemendur möguleika á að endurskoða val sitt. Þeir nemendur sem enn eru í vafa með valið eru velkomnir að ræða málin við námsráðgjafa skólans út skólaárið.

Það verður stelpukvöld hjá 8. - 10. bekk þriðjudaginn 5. apríl. Stelpurnar fá til sín leynigest, jafnframt ætla þær að kenna hverri annarri að lakka neglur, flétta hár og fleira. Spjall og dekurkvöld sem hefst kl. 19:30 og lýkur kl. 21:30. Veitingar verða í boði. Aðgangseyrir er 500 kr.

Páskafri

Páskafri nemenda hefst mánudaginn 18. apríl. Nemendur mæta aftur í skólann samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 27. apríl.

Páskabingó

Páskabingó verður á sal skólans fimmtudaginn 14. apríl.


- 1. - 5. bekkur kl. 17:00 - 18:30
- 6. - 10. bekkur kl. 19:00 - 20:30

Hvert spjald kostar 100 kr.



Árshátið

Árshátið skólans verður föstudaginn 8. apríl kl. 13:00
í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Nemendur mæta kl. 12:45.



Þema: Árstíðirnar




Haust

Ljósanótt - 5. bekkur
Laufin falla - 9. bekkur




Vetur

Fönn, fönn, fönn - 2. bekkur
Vetrarfrí - 6. bekkur
Benný lava - 10. bekkur



Vor

Vertu til - 3. bekkur
Vordagar - 7. bekkur



Sumar

17. júní - 1. bekkur
Sumarást - 4. bekkur
Sumarfrí - 8. bekkur



Kennaraatriði



Kaffi í B - sal

Foreldrafélagið ásamt Myllubakkaskóla bjóða öllum
skúffuköku og drykk að lokinni dagskrá :)

